

Fagradalsbleikja ehf
Fagradal
871 Vík

Reykjavík, 18. ágúst 2020
UST202003-266/H.E.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5.6.2020, hjá Fagradalsbleikju ehf.

Þann 5.6.2020 fór fram eftirlit í fiskeldi Fagradalsbleikju ehf. í Mýrdal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur þriggja eldri frávíka úr eftirliti 2018.

Eitt nýtt frávik kom fram er varða:

1. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Bæta þarf skráningar á magni úrgangs sem fellur til á stöðinni sem og magn hreinsi og sóttþreinsiefna sem notuð eru. Einnig vantar móttökukvittanir frá móttökuaðilum úrgangs séu til staðar og aðgengilegar í eftirliti.

Umhverfisstofnun barst upplýsingar frá rekstraraðila um bætтар skráningar í tölvupósti dags. 11. og 13. ágúst sl. Þar kemur einnig fram að rekstraraðili hefur átt í samskiptum við móttökuaðila úrgangs um móttökukvittanir. Umhverfisstofnun samþykkir úrbótaáætlun rekstraraðila og mun taka úrbæturnar út í næstu reglubundnu vettvangsferð.

Virðingarfyllst


Halla Einarsdóttir


Helga Rut Arnarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| | | | |
|--------------------------|--------------------------|----------------------|-----------------------------------|
| Nafn rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Brottfallinn starfsleyfisflokkur: |
| Fagradalsbleikja | 5. júní 2020 | Fagradal, Vík | 4 (gjaldflokkur 5) |
| Kennitala rekstraraðila: | Gildistími starfsleyfis: | Kvittun afhent: | Gerð stöðvar: |
| 490689-2149 | 2. júní 2022 | já | Fisk- og seiðaeldi |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|----------------|-------------------------|------------|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | x | | | <p>Ársframleiðsla í kringum 5 tonn.</p> <p>Sláturtölur teknar út frá því sem selt er.</p> <p>Haldið er utan um framleiðslumagn í gagnagrunni Búbót.</p> |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar? | x | | | <p>Starfsleyfi gildir til 2.6.2022.</p> <p>Rekstraraðili var minntur á að sækja tímanlega um nýtt leyfi. Tekið er á móti umsóknum um nýtt starfsleyfi í gegnum þjónustusiðu MAST (samhliða umsókn um rekstrarleyfi)</p> <p>Engar fyrirhugaðar breytingar eru í stöðinni.</p> <p>Rekstraraðili telur engar líkur á að leyfið sem nær yfir framleiðslu á allt að 200 tonnum verði fullnýtt.</p> |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | | x | | <p>Skráningar til staðar á innkaupum á fóðri, efnanotkun (hreinsiefna og sóttreinsiefna) en engin lyf hafa verið notuð á stöðinni.</p> <p>Rekstraraðili hefur leitast við að fá kvittanir móttökuaðila úrgangs þ.m.t. dauðfisks en það hefur ekki borið árangur. Stíflubjónustan hreinsar úr settanki.</p> <p>Bæta þarf magnskráningar á úrgangi sem fellur til sem og notkun hreinsi- og sóttreinsiefna.</p> |

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

| | | | | |
|---|---|--|---|--|
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | | x | |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | x | |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | x | | | Nýlegar og engar breytingar standa yfir. |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | x | |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | | | x | Ekki gerð krafa um tryggingu vegna bráðamengunar vegna fjarlægðar frá sjó. |
| Er neyðaráætlun til staðar? | x | | | |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|-------------|-------------------|------------|--|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | | | x | Ekki krafa í starfsleyfi. Rætt um mikilvægi þess að halda góðar skráningar og nýta þær upplýsingar til að finna tækifæri til að setja umhverfismarkmið. |
| Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangmyndun sé í lágmarki? | x | | | Handfóðrun 1-3 sinnum á dag. |

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar? | | x | | Mælingar í frárennslis voru framkvæmdar 7. janúar 2019. Reikna þarf heildarlosun N og P út frá niðurstöðunum styrks í vatnssýnum og heildarrennslis frárennslis. Leiðbeiningar um útreikninga á losun næringarefna í frárennslis út frá fódurmagni og framleiðslumagni voru afhentar í eftirlitinu. |
| Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis? | x | | | Settankur sem tekur frárennslis frá kerjum innandyra og þeim kerjum sem eru í notkun úti. Frárennslis fer úr settanki yfir í tvær samliggjandi settjarnir (ca ha hver). |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka. | x | | | Eldisvatn er leitt í settank fyrir meiri hluta kerjanna og þaðan í settjarnir. Öll ker sem eru í notkun eru leidd í gegnum hreinsibúnað. 8 eldri ker enn til staðar en eru ekki í notkun. |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | x | | | Frá settjörnum rennur útrás út í ferskvatnsá í um 400 m fjarlægð. Útrás frá settjörnum var hrein og tær að sjá og ekki sjáanleg áhrif frá fiskeldinu. |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | | | x | Engar mælingar hafa verið gerðar í viðtaka og skráningar úr sjónrænu eftirliti ekki til staðar. Eftirlitsaðili hvatti til skráninga og/myndatakna sem vöktun á viðtaka. |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | | x | | Allur úrgangur flokkaður og er ekið í söfnunarstöð í Vík. Skráningar á magni úrgangs sem fellur til ábótavant. |

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

| | | | | |
|--|---|--|---|---|
| Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi? | x | | | Mælingar gerðar í viðtaka 7. janúar 2019. |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar. | | | x | Niðurstöður mælinga sendar Umhverfisstofnun 9. janúar 2019. Ekki krafa um skil í starfsleyfi. |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | x | |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar? | | | x | Mælingar framkvæmdar 7. janúar 2019. Rekstraraðili sá um sýnatökur og sendi í Sýni ehf. til greiningar. |

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Síðasta eftirlit fór fram 2018 og voru þá skráð 3 frávik frá starfsleyfi varðandi áhættumat, viðbragðsáætlun og tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda, skráningu á losun efna út í umhverfið. Úrbótum vegna frávikanna er lokið sbr. málslokabréf dags. 18. janúar 2019.

Samantekt:

Um er að ræða litla fiskeldisstöð (um 5 tonna ársframleiðsla) sem keyrð er á heimarafsstöð sem knúin er vatnsaafli. Núgildandi starfsleyfi er útgefið af Heilbrigðisnefnd Suðurlands en með lagabreytingum 2017 fluttist starfsemin í eftirlit til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili hefur bætt skráningar frá síðasta eftirliti en bæta þarf magnskráningar úrgangs sem fellur til í stöðinni og efnanotkun. Þá eru kvittanir móttökuaðila úrgangs ekki til staðar.

Mælingar á styrk næringarefna í frárennsli og við útrás í viðtaka gerðar 7. janúar 2019. Heildarlosun næringarefna m.v. rennsli frá stöðinni hefur ekki verið reiknuð út.

Átta eldri ker sem ekki eru tengd settanki eru enn til staðar í stöðinni og notuð sem varaker. Rekstraraðili er hvattur til að fjarlægja þau ker sem ekki er fyrirhugað að nýta. Þá þarf að huga að viðhaldi kerja sem staðsett eru utandyra þar sem að þau eru að hluta til farin að ryðga. Böndum er strengt yfir kerin sem eru utandyra til að hindra ágang fugls en fugl var ekki sjáanlegur þegar eftirlitið fór fram. Fylgjast þarf með að böndin haldist og virki sem meindýravarnir með fullnægjandi hætti.

Annað:

Rekstraraðili er minntur á að huga tímanlega að nýju starfsleyfi en núgildandi starfsleyfi gildir til 2. júní 2022.

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fagradalsbleikja ehf. Fagradal, Vík



| | | | |
|---------------------|-----------------------|-------------------------|--------------------|
| Dags eftirlits | 5.6.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Einarsdóttir |
| Fyrirtæki | Fagradalsbleikja ehf. | Eftirlitsmaður | Halla Einarsdóttir |
| Heimili | Fagradal | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 490689-2149 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jónas Erlendsson | ÍSAT nr. | 03.22.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ragnhildur Jónsdóttir | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundna vettvangsferð eftirlits í Fagradalsbleikju í Mýrdal. Frávikum úr eftirliti 2018 var lokað með málslokabréfi 18. janúar 2019. Í eftirlitinu var skráð eitt frávik vegna ófullnægjandi skráninga og tveimur ábendingum var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
3. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
4. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahræja og aukaafurða dýra
5. Útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi.
6. Umfang starfsemi í fiskeldi (kynning).
7. Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Einnig var farið yfir gátlista fyrir eftirlit með landeldi, sjá í viðhengi.

1. Síðasta reglubundna eftirlit fór fram árið 2018 en þá voru skráð þrjú frávik frá starfsleyfi. Brugðist hefur verið við frávikunum og viðeigandi gögn eru nú til staðar í stöðinni. Mælingar voru gerðar á frárennsli 7. janúar 2019. Úrbótum frávikanna telst því lokið sbr. málslokabréf dags. 18. janúar 2019.

2. Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhrættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávikanna. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Fagradalsbleikju í áhættuflokk B og þar með er áætlað að fara árlega í vettvangsferðir í stöðina. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Rætt var um tækifæri til að lækka stigafjölda áhættumatsins með bættri umhverfisstjórnun í starfsstöðinni.

3. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Enginn olíutankur er til staðar í fiskeldisstöðinni en viðhaldi á vélum er sinnt á verkstæði í Vík.

4. Í samvinnu með Matvælastofnun hafa verklagsreglur um förgun sóttmengaðs úrgangs verið endurskoðaðar í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Drög að verklagsreglunum voru send rekstraraðila samhliða boðun eftirlitsins.

5. Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi út frá fóðurgjöf og framleiðslumagni. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun næringarefna frá starfsstöðinni.

6. Rætt var um umfang starfseminnar m.t.t. lífmassa annars vegar og sláturtölum hins vegar.

7. Eftirlitsaðili kynnti leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa sem Umhverfisstofnun hefur unnið fyrir eftirlitsþega. Rekstraraðila er bent á að nýta leiðbeiningarnar við uppfærslu viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Bæta þarf skráningar á magni úrgangs sem fellur til á stöðinni sem og magn hreinsi og sótthreinsiefna sem notuð eru. Einnig vantar móttökuvittanir frá móttökuaðilum úrgangs séu til staðar og aðgengilegar í eftirliti.

ÁBENDINGAR

Mælingar voru gerðar í frárennsli stöðvarinnar og viðtaka í janúar 2019. Rekstrarðila var leiðbeint um að taka rennslismælingar samhliða sýnatökum á þeim stöðum þar sem að sýni eru tekin svo hægt sé að reikna út heildarlosun næringarefna frá stöðinni. Samkvæmt uppl. frá rekstraraðila sem bárust í kjölfar eftirlits er rennsli nokkuð stöðugt í gegnum eldið um 20-30 l/s. Leiðbeiningar um útreikninga út frá framleiðslumagni og fôðurnotkun voru afhent í eftirlitinu.

Huga þarf að viðhaldi kerja sem eru utandyra þar sem að þau eru farin að ryðga. Einnig eru 8 eldri ker sem tekin hafa verið úr notkun í slæmu ástandi og er rekstraraðili hvattur til að fjarlægja þau ef ekki er fyrirhugað að lagfæra þau til áframhaldandi notkunar.

ANNAÐ

Starfsleyfið gildir til 2. júní 2022 og er rekstraraðili hvattur til að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.08.2020


Halla Einarsdóttir